

Þriðjudaginn 17. nóvember 1992.

Nr. 3/1991.

Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs

gegn

**Magneu Óskarsdóttur vegna ófjárráða
dóttur hennar, Ingibjargar Þórarinsdóttur,
og gagnsök.**

Læknaráð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 2. október 1984 fékk Ingibjörg Þórarinsdóttir skurð á lófa hægri handar, er hún datt á götu í Keflavík. Hún var þá 9 ára, fædd 26. nóvember 1974. Sigurjón Sigurðsson, læknir á Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs, gerði að áverkanum. Í málinu er um það deilt, hverjar séu orsakir örorku, sem Ingibjörg býr við til frambúðar vegna bæklunar á hendinni, svo og um fébótaábyrgð á örorkutjóni af völdum hennar.

Nokkurra læknisvottorða nýtur í málinu, sem rakin eru í örorkumati Björns Öndarsonar tryggingayfirlæknis, en auk þeirra liggur fyrir ýtarleg læknisfræðileg greinargerð Rögnvalds Þorleifssonar læknis.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 um læknaráð að æskja þess, að læknaráð láti uppi rökstutt álit á eftirfarandi:

1. Var læknismeðferð Sigurjóns Sigurðssonar læknis á framangreindum áverka á hægri hendi Ingibjargar Þórarinsdóttur að einhverju leyti áfátt, að því er varðar rannsókn, aðgerðina, sem framkvæmd var, eða eftirlit í kjölfar hennar?

2. Hafi svo verið, óskast álit læknaráðs á því, hvað fór úrskeiðis.

3. Verði 1. spurningu játað, er spurt, hvort fullyrt verði eða verulega líklegt talið, að örkuhl Ingibjargar, sem lýst er í örorkumatinu, séu að öllu leyti eða nokkru afleiðing þeirra mistaka, sem áttu sér stað.

4. Má ætla, að Ingibjörg myndi hafa hlotið fullan bata af áverk-
anum, ef hún hefði notið réttrar og fullnægjandi lækni meðferðar
eftir slysið?

5. Fellst lækna ráð á örorkumat tryggingayfirlækni? Ef ekki,
hver telst þá rétt metin örorka Ingibjargar Þórarinsdóttur með hlið-
sjón af svari við 3. spurningu?

Á l y k t a r o r ð:

Lækna ráð láti í té álitsgerð um framangreind álitaefni.
